

Skeiða – og Gnúpverjahreppur



Flokkunarhandbók

2018



Inngangur

Tilgangur þessarar flokkunarhandbókar er að halda íbúum upplýstum um gang mála varðandi flokkun hreppsins. Það er ljóst að með því að flokka sorpið minnkum við rúmmál þess úrgangs sem fer til urðunar auk þess að stuðla að aukinni endurvinnslu t.d. á pappír, pappa, málmum o.fl.


Íslenska Gámafélagið (ÍGF) vinnur stöðugt að því að finna leiðir til að einfalda flokkunina fyrir sína viðskiptavini og frá því að íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps hófu flokkun á heimilum árið 2009 hafa orðið breytingar á því hvernig gengið er frá endurvinnsluefni í Grænu tunnunar.

Helstu nýjungarnar eru þær að nú er óþarfi að setja mismunandi endurvinnsluflokka í poka heldur má losa allt beint í grænu tunnuna. Ef notaðir eru pokar er mikilvægt að hafa þá glæra til að hægt sé að sjá innihald þeirra auðveldlega og þá er líka mjög mikilvægt að halda endurvinnsluflokkunum aðskildum í pokunum. Frekari upplýsingar um þetta má finna á blaðsíðu fjögur og flokkunarveggspjaldinu á opnusíðunni.

Aðrar breytingar frá gerð síðustu flokkunarhandbókar eru að lífræna hráefninu er ekki lengur ekið úr sveitarfélaginu. Það nýtt innansveitar, úr hverfunum við Árnes og í Brautarholti er því safnað saman og er það notað til moltugerðar í Skaftholti. Í dreifbýlinu er það ýmist sett í svokallaðan Hörputurn sem stungið er ofan í jörðina eða sett í haughús.



Mikilvægi endurvinnslu



Allar þær umbúðir og annað sem við notum við daglegt heimilishald er unnið úr hráefnum sem eiga sér uppruna í náttúrunni. Plast er t.d. unnið úr olfu, málmar unnir úr námum með tilheyrandi jarðraski og tré felld til að framleiða pappír og pappa.

Markmiðið með endurvinnslu er búa til hringrás sem miðar að því að draga úr frumvinnslu hráefna og minnka álag á auðlindir jarðar. Þannig má einnig draga úr því magni úrgangs sem þarf að urða.

Flokkun til endurvinnslu stuðlar að aukinni hringrás hráefna og minni auðlindanotkun. Sem dæmi má nefna að fyrir hvert tonn af pappír sem fer í endurvinnslu sparast um 17 fullvaxin tré og 26.000 lítrar af vatni. Auk þess fer mun minni orka í að endurvinnna hráefni en við frumvinnslu þess. Endurvinnsla áls þarfnast t.d. einungis 5% þeirrar orku sem þarf við frumvinnslu áls.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur verið þátttakandi í að viðhalda hringrás hráefna gangandi í samvinnu við Íslenska Gámafélagið síðan 2009. Síðan þá hafa íbúar samanlagt safnað tæpum 211 tonnum af endurvinnanlegu hráefni í Grænu tunnuna sem annars hefði verið urðað. Árið 2016 var flokkunarhlutfall, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, fyrir utan lífrænan úrgang, þannig að 30% fór í grænu tunnuna og 70% var urðað.

Með kveðju frá starfsfólki Íslenska Gámafélagsins



Breytingar á flokkun í Grænu tunnuna

Eitt af markmiðum með Grænu tunnuni Íslenska Gámafélagsins, er að gera flokkun einfalda og aðgengilega fyrir notendur, án þess að draga úr endurvinnslugildi þeirra hráefna sem til okkar koma. Mikil umræða hefur skapast um umhverfislegt gildi þess að draga úr plastpókanotkun og hefur Íslenska Gámafélagið ákveðið að leggja sitt af mörkum þar.

Breytingin á flokkun í Grænu tunnuna felur í sér að hætta að setja málma og fernur/sléttan pappa í plastpoka. Þetta einfaldar flokkunina og gerir hana þægilegri fyrir notendur Grænu tunnunnar og umhverfisvænni um leið.

Bylgjupappi, skrifstofupappír, dagblöð, tímarit og málmar mega fara beint í tunnuna. **Fernur, málma og plast** þarf að skola áður en hráefnin fara í tunnuna. Þá er æskilegt að raða fernum hverri ofan í aðra þannig að þær myndi bunka. **Stórar plastumbúðir mega einnig fara beint í tunnuna, en æskilegt er að setja þær minni í gegnsæjan poka.** Það er þó ekki krafa heldur er það eingöngu gert til að tryggja að smáa plastið endi allt í endurvinnslunni.

ATH - Mikilvægt er að hafa í huga að óhreint hráefni hentar ekki til endurvinnslu og ætti að fara með almennu sorpi.

Hér til fyrir neðan eru leiðbeiningar sem skýra betur hvernig ganga skuli frá hráefnunum í tunnuna.



Almennt sorp



Almennt sorp er í raun blandaður úrgangur frá fyrirtækjum og heimilum. Þetta er að mestu úrgangur sem ekki getur flokkast í skilgreindan endurvinnsluferil og er þar af leiðandi óendurvinnanlegur.

Dæmi um almennt sorp frá heimilum er t.d. bleyjur, umbúðir úr blönduðu hráefni (t.d. plastumbúðir með álfilmu sem ekki er hægt að skilja frá), umbúðir sem ekki er hægt að hreinsa o.fl.

Almennt heimilissorp er sett í Gráu tunnuna. Innihaldið í Gráu tunnunum er eini úrgangurinn sem sendur er til urðunar.

Lífrænn úrgangur



Hörputurninn er fyrir lífræna úrganginn í dreifbýlinu. Litla græna tunnann er fyrir lífræna úrganginn í þéttbýliskjörnunum og í hana mega fara allir matarafgangar sem falla til á heimilinu og annar lífrænn úrgangur. Honum er fyrst safnað í litla brúna tunnu inni í eldhússkáp.

Dæmi um lífrænan úrgang frá heimilum er afskurður af ávöxtum, kjöt- og fiskafgangar, brauðmeti, kaffikorgur, tannstönglar, tepokar. Stór bein eiga ekki að fara með þar sem niðurbrot þeirra er afar hægt.



Umhirða og staðsetning íláta



Gott er að hafa í huga að fjarlægð íláta frá götu sé ekki mikil eða valdi sorphirðufólki óþarfa álagi við hirðu. Best er að hafa ílát sem næst götu og í tunnuskýlum.



Að vetri er ætlast til að íbúar moki frá tunnum og hálkuverji. Gríðarlega erfitt er að draga ílátin í miklum snjó auk þess sem háлка getur verið varasöm.



Yfirfull ílát geta skapað vandræði við losun. Það er hætta á að vargfugl komist í úrganginn eða innihald tunnunnar fari að fjúka um. **Umfram heimilisúrgangi má skila á gámasvæði.**



Íbúar bera ábyrgð á sínum ílátum. Æskilegt er að hreinsa þau eftir þörfum. Það kemur í veg fyrir að óhreinindi safnist fyrir í ílátinu og skapi ólykt.

Hvað verður um endurvinnsluhræfnið?



Þegar mismunandi flokkar hafa verið flokkaðir í sundur eru þeir settir í gegnum baggapressu sem pressar hverja tegund fyrir sig í stóra bagga. Böggunum er safnað saman og komið fyrir í útflutningsgámum sem sendir eru til mismunandi endurvinnslufyrirtækja sem svo sjá um að undirbúa endurvinnsluhræfnið

sem framleiðsluhræfni. Þannig hefur skapast grundvöllur til að nýta efnið til framleiðslu á nýjum umbúðum eða öðrum vörum úr sama hráefni. T.d. getur kassi úr bylgjupappa orðið að nýjum kassa. Áldósir geta haldið áfram hlutverki sínu eða jafnvel nýst sem reiðhjól eða felgur á bíla eftir endurvinnslu. Plastumbúðir sem flíspeysur eða garðhúsgögn. Svona mætti lengi telja og möguleikarnir eru óþrjótandi.



Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki



Flokkunartafla

Græna tunnan



Flokkur

Hvað tilheyrir

Frágangur

Bylgjupappi



Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzakassar.

Best að leggja saman pappakassa til að minnka rúmmál. **Fer beint í Grænu tunnuna**, án umbúða.

Dagblöð og tímarit



Dagblöð, tímarit, umslög, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í Grænu tunnuna, án umbúða.

Sléttur pappi/fernur



Fernur og aðrar umbúðir úr sléttum pappa, t.d. morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar innan úr pappírsrúllum.

Fjarlægja matarleifar og skola fernur. **Fer beint í Grænu tunnuna**, t.d. í fernu sem fyllt er mörgum fernum.

Plastumbúðir



Allar umbúðir úr hörðu eða mjúku plasti, t.d. plastpokar, hreinsiefnabrusar, skyrdósir og plastfilma

Fjarlægja matarleifar og efnaleifar. Smáhlutir fara í **Grænu tunnuna** í **gegnsæjum plastpoka**. Stærri hlutir **fara beint í tunnuna**

Málmar



Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krúkkulok og sprittkertakoppar.

Fjarlægja matarleifar. **Má fara beint í Grænu tunnuna**.

Flokkunartafla

Brúna tunnann

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Lífrænt heimilissorp



Í **Brúnu tunnuna** fara m.a. allir matarafgangar, plöntur o.fl. lífrænt sem fellur til á heimilinu. Nauðsynlegt er að setja lífrænan úrgang í jarðgerðarpoka (maispokann) áður en hann er settur í tunnuna.



Ávextir



Grænmeti



Brauð



Hrisgrjón o.fl. kornmeti



Kaffikorgur og kaffifilter



Ostur og annað álegg



Fiskur



Eggjaskurn



Tepokar



Kjötafgangar




Pasta



Kartöflur



Afskorin blóm



Eldhúspappír



Tannstönglar

Á opnunni eru leiðbeiningar sem má
rífa úr bókinni og hengja upp!



Rífið varlega svo bókin skemmist ekki



Fjölnota pokar



Plast er til margra hluta nýtsamlegt og kemur víða við sögu í nútíma lífnaðarháttum. Umhverfisáhrif plasts við framleiðslu og förgun geta hins vegar verið afar neikvæð, auk þess sem það getur haft neikvæð heilsufarsleg áhrif. Þótt ekki sé fyrirsjáanlegt að plastnotkun verði hætt á næstu árum, er nauðsynlegt að takmarka notkun á einnota plastvörum, en einnota vörur eru aldrei góðar fyrir umhverfið.

Burðarplastpokinn er aðeins einn angi af þessu, en kannski á einfaldasti að eiga við. Við höfum ótal aðrar lausnir sem kosta okkur svipað eða minna að nota. Má þar nefna helst fjölnota poka úr taui eða öðru endingargóðu efni og svo maíspokann sem er úr niðurbrytjanlegu efni. Með því að hætta plastpokanotkun má draga verulega úr neyslu á einnota plasti sem endar í urðun eða sem verra er, úti í náttúrunni.



VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á 1 tonni af pappír sparar um 4.000 kwh af rafmagni

VISSIR ÞÚ?

Að með endurvinnslu á einni áldós sparar þú rafmagn sem dugar fyrir 3 klst. notkun á sjónvarpi

VISSIR ÞÚ?

Að hægt er að endurheimta góðmálma úr rafbúnaði með góðum árangri. Málma eins og gull, silfur, palladium og fleiri sjaldgæfa málma!

VISSIR ÞÚ?

Að endurvinnsla á einu tonni af plasti sparar 2.600 lítra af olíu


Við hugsum áður en við hendum...



Gámasvæði sveitarfélagsins

Gámasvæði sveitarfélagsins eru tvö, annað í Brautarholti og hitt í Árneshverfi, við Tvísteinabraut. Þar geta íbúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps losað sig við meira af sorpi en rúmast í heimilistunnunum. Einnig geta sumarhúsaeygndur losað sig við sorp á gámasvæðinu.

Mikilvægt er að ganga snyrtilega um svæðin og setja rétt hráefni í rétta gáma. Starfsmaður á gámasvæði aðstoðar við flokkun.



Opnunartímar:

Árneshverfi við Tvísteinabraut:

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00

Laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt:

Miðvikudaga kl. 14:00 - 16:00

Laugardaga kl. 13:00 - 15:00

Dýragámar og gámar fyrir almennt sorp eru opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum.

Tekið er við öllum úrgangi á Gámasvæðinu!



Losunardagar







janúar							febrúar							mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6					1	2	3					1	2	3
7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10	4	5	6	7	8	9	10
14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17	11	12	13	14	15	16	17
21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24	18	19	20	21	22	23	24
28	29	30	31				25	26	27	28				25	26	27	28	29	30	31

apríl							maí							júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7			1	2	3	4	5						1	2
8	9	10	11	12	13	14	6	7	8	9	10	11	12	3	4	5	6	7	8	9
15	16	17	18	19	20	21	13	14	15	16	17	18	19	10	11	12	13	14	15	16
22	23	24	25	26	27	28	20	21	22	23	24	25	26	17	18	19	20	21	22	23
29	30						27	28	29	30	31			24	25	26	27	28	29	30

júlí							ágúst							september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7				1	2	3	4							1
8	9	10	11	12	13	14	5	6	7	8	9	10	11	2	3	4	5	6	7	8
15	16	17	18	19	20	21	12	13	14	15	16	17	18	9	10	11	12	13	14	15
22	23	24	25	26	27	28	19	20	21	22	23	24	25	16	17	18	19	20	21	22
29	30	31					26	27	28	29	30	31		23	24	25	26	27	28	29
														30						

október							nóvember							desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau	sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6					1	2	3							1
7	8	9	10	11	12	13	4	5	6	7	8	9	10	2	3	4	5	6	7	8
14	15	16	17	18	19	20	11	12	13	14	15	16	17	9	10	11	12	13	14	15
21	22	23	24	25	26	27	18	19	20	21	22	23	24	16	17	18	19	20	21	22
28	29	30	31				25	26	27	28	29	30		23	24	25	26	27	28	29
														30	31					

Birt með fyrirvara um breytingar á dagatalinu.

-  Grá tunna Gnúpverjahrepp
-  Grá tunna Skeiðahrepp
-  Græn tunna Gnúpverjahrepp
-  Græn tunna Skeiðahrepp
-  Heyrúlluplast Gnúpverjahrepp
-  Heyrúlluplast Skeiðahrepp



Heyrúlluplast

Mikið fellur til af heyrúlluplasti í sveitarfélögum eins og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þar sem urðun á plasti og brennsla heima á bæjum er með öllu óheimil getur verið erfitt og tímafrekt fyrir bændur að losa sig við plastið. Til að auðvelda bændum að halda umhverfi sínu snyrtilegu býður Íslenska Gámafélagið upp á þá þjónustu að sækja heyrúlluplast heim til bænda þeim að kostnaðarlausu. Plastinu er síðan komið til endurvinnslu og þannig er komið í veg fyrir að það valdi mengun.



Það plast sem Íslenska Gámafélagið safnar er síðan komið til endurvinnslu og þannig er komið í veg fyrir að það valdi óþarfa mengun. En til að teljast endurvinnsluhæft þarf heyrúlluplastið að vera eins hreint og kostur er og laust við aðskotahluti. Þá er einnig mikilvægt að blanda ekki öðru plasti saman við heyrúlluplastið. Baggabönd og net mega t.d. ekki fara með þar sem þau eru úr ólíku efni og falla ekki inn í sama endurvinnsluferil og heyrúlluplastið.

Íslenska Gámafélagið getur einnig tekið við neti og áburðarpokum í sömu ferð og heyrúlluplastið er sótt. Mikilvægt er þó að halda þessum flokkum aðskildum þar sem endurvinnsluferill þeirra er ekki sá sami og því enda þessir ólíku flokkar ekki á sama stað. Frágangur þarf að vera góður og t.d. má fylla einn áburðarpoka með hreinum áburðarpokum og loka fyrir. Net má setja í sér poka þannig að þau blandist ekki heyrúlluplastinu í flutningi.



Endurvinnsla á heyrúlluplasti

Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt til flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins þar sem það er pressað í bagga og flutt til endurvinnslu.

Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastafurðum.



Niðurbrot plastics tekur hundruði ára og safnast á endanum upp í umhverfinu sem örplast og því er hagur okkar allra að ganga vel frá plastinu svo hægt sé að nýta það sem endurvinnsluhráefni.

Endurvinnsla á plasti hefur því í för með sér talsverðan umhverfislegan ávinning. Endurvinnsla á plasti kemur t.d. í veg fyrir sóun á náttúruauðlindum, eins og olíu, en til að framleiða eitt tonn af plasti þarf u.þ.b. tvö tonn af olíu. Þá krefst endurvinnsla á plasti einnig minni orku en frumvinnsla þess. Með því að endurvinna heyrúlluplastið sparast einnig talsvert pláss á urðunarstöðum þar sem plastið er umfangsmikið og þannig er líka urðunarkostnaður minnkaður.

Frágangur

Til þess að heyrúlluplastið sé endurvinnsluhæft er mikilvægt að vanda fráganginn vel. Gott að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- **Hafa einfalda og þægilega leið til að safna því og geyma.** Þegar tekið er utan af rúllum er gott að hrista allt lauslegt af plastinu.
- **Hafa plastið hreint og þurrtil að hægt sé að endurvinna það.** Ef plastið er blautt og óhreinindi loða við það er æskilegt að þurrka plastið í 1-2 daga og hrista það síðan til að losa öll aðskotaefni af plastinu.
- **Geyma heyrúlluplastið á aðgengilegum stað fyrir starfsmann ÍGF þegar það er sótt.** Mikilvægt að velja hentugan stað þar sem plastið helst hreint og þurrtil.





ÍSLENSKA 
GÁMAFÉLAGIÐ

Umhverfissvið Íslenka Gámafélagsins ehf